



## A 1746/presidiet

Flytjandi Flokkahópur hægrimanna  
Afgreiðsla Forsætisnefndin

## Þingmannatillaga um áætlanir um heildarvarnir, hættuástand og dreifingaröryggi

### Tillaga

Flokkahópur hægrimanna leggur til að

Norðurlandaráð beini tilmælum til Norrænu ráðherranefndarinnar um

að gera úttekt á norrænum viðbúnaði sem hægt er að samnýta og hvaða sviðum skuli veita forgang;

að skoða hvernig þróa megi samstarf varnarmála- og lögregluþyrvalda á Norðurlöndum;

að gera úttekt á því hvernig norrænt samstarf geti þróað vitund almennings á Norðurlöndum um viðbrögð við hættuástandi;

að greina áhrif alvarlegs hættuástands á matvæladreifingu á Norðurlöndum;

að kanna möguleika á að semja við mikilvæga aðila á Norðurlöndum um dreifingaröryggi.

### Forsaga

Það er ekki bara sagan og landfræðileg lega sem norrænu löndin eiga sameiginlegt, þau hafa einnig um langa hríð þróað með sér gott samstarf á sviði varnarmála. Staða öryggismála í heiminum og nærsvæðum okkar hefur um árabíl farið versnandi vegna atburða sem við höfum ekki stjórn á. Þær áskoranir sem mæta okkur á Eystrasalts- og Norðurskautssvæðum krefjast sameiginlegra úrræða. Því er mikilvægt að norrænu löndin efla varnarsamstarf sitt og skoði möguleikana á að efla samstarf um heildarvarnir landanna og áætlanir um viðbúnað og viðbrögð við hættuástandi.

Núverandi norrænt varnarsamstarf á vegum NORDEFECO getur verið fyrirmynd fyrir tilhögun samstarfs um almannavarnir og heildarvarnir. Yfirlýst markmið samstarfs á vegum NORDEFECO er að skapa árangur á grundvelli neðansækins (bottom-up) viðhorfs. Þetta verði gert með því að greina á hvaða sviðum þörfin er mest og ávinningur samræmingar mestur og að þróa samstarfsleiðir og aðferðir fyrir hvernig reka skuli samstarfið í raun.

Stríðsrekstur á okkar dögum gerir miklar kröfur til getu samfélagsins til að bregðast



við hættuástandi. Við stöndum ekki einungis frammi fyrir hernaðarlegri ógn, heldur einnig netárásam, sálfræðilegum hernaði, efnahagslegum þrýstingi og njósnastarfsemi.

Heildarvarnir norrænu landanna byggja fyrst og fremst á að allir leggi sitt af mörkum og að samfélögin séu einnig starfhæf við hættuástand. Mikið af þeirri þekkingu og efnislegum viðbúnaði sem var á höndum opinberra aðila á tímum kalda stríðsins er nú á höndum atvinnulífsins. Við þurfum að verða betri í að nýta okkur þetta. Flokkahópur hægri manna vill þess vegna að gerð verði úttekt á þeim samfélagslega viðbúnaði sem nú er á höndum einkageirans og hvernig megi nýta hann til að tryggja virkni samfélaganna ef til hættuástands kemur. Flokkahópur hægri manna vill einnig að gerð verði úttekt á norrænni samræmingu varnarmála og lögreglu.

Einnig er mikilvægt að læra af fyrri áföllum og að nýta þá þekkingu til að vera betur í stakk búin til að mæta hættuástandi. Það er mikilvægt að almenningur á Norðurlöndum sé upplýstur um hvernig hver og einn getur undirbúið sig undir hættuástand. Flokkahópur hægri manna vill að gerð verði úttekt á því hvernig efla megi vitund almennings á Norðurlöndum um viðbrögð við hættuástandi

Annar mikilvægur þáttur í viðbúnaði vegna hættuástands er dreifingaröryggi. Það á jafnt við um orku og matvæli, rafræn samskipti og eldsneyti. Norrænu samfélögin eru viðkvæm fyrir rökunum sem gætu orðið á dreifingaröryggi. Ein leið til að auka dreifingaröryggi er að norrænu ríkin semji til dæmis við matvælafyrirtæki um tiltekið birgðahald. Flokkahópur hægri manna vill að gert verði yfirlit yfir stöðu matvæladreifingar á Norðurlöndum ef alvarlegt hættuástand myndaðist og að kannaðir verði möguleikar á að semja við mikilvæga aðila til að tryggja dreifingaröryggi á Norðurlöndum.

Reykjavík, 19. september 2017

*Bente Stein Mathisen (H)*  
*Brigitte Klintskov Jerkel (KF)*  
*Brynjar Nielsson (Sj.)*  
*Hans Wallmark (M)*  
*Heidi Nordby Lunde (H)*  
*Juhana Vartiainen (saml)*  
*Lars-Arne Staxäng (M)*  
*Lena Asplund (M)*  
*Maria Stockhaus (M)*

*Michael Tetzschner (H)*  
*Norunn Tveiten Benestad (H)*  
*Susanna Koski (saml)*  
*Sylvi Graham (H)*  
*Teitur Björn Einarsson (Sj.)*  
*Thomas Finnborg (M)*  
*Valgerður Gunnarsdóttir (Sj.)*  
*Wille Rydman (saml)*